Hunda-dagar '89

Lífgað upp á menningarlíf Reykjavíkur með listadögum í ágúst

Alþýðuleikhúsið, Tónlistarfélag Kristskirkju og Listasafn Sigurjóns Ólafssonar standa fyrir listadögum í ágústmánuði og kenna við Hundadaga. Á þeim þrjátíu dögum sem Hundadagar '89 standa verður mikið um að vera í menningarlífi Reykjavíkur, sýnd leikrit, ópera og myndlist, haldinn fjöldi tónleika, og kynnt nýjabrum í ljóðum, leikritun og lifandi myndum. Aðstandendur Hundadaga segjast á þennan hátt vilja lífga upp á menningarbrag borgarlífsins að sumarlagi og sameina listgreinarnar; allt of mikið sé um að þær einangrist hver á sínum bási.

Listadagarnir hefjast með hátíðarmessu í Kristskirkju sunnudaginn 30. júlí, en verndari dagana er dr. Alfreð Jolson SJ, biskup. Seinna sama dag verða Hundadagar formlega settir, þegar opnuð verður sýning á andlitsmyndum eftir Kristján Davíðsson í Listasafni Sigurjóns. Um kvöldið frumsýnir Alþýðuleikhúsið Macbeth í Íslensku Óperunni og er leikritið í nýrri þýðingu Sverris Hólmarssonar. Leikstjóri er Inga Bjarnason, leikmynd eftir Gunnar Örn, sem þreytir frumraun sína á þeim vettvangi, tónlistin er eftir Leif Þórarinsson og búninga gerir Gerla.

Danskur gestaleikur er einnig á dagskrá Hundadaga. Er það dagskrá leikaranna Susse Wold og Bent Mejding um H. C. Andersen, en sýningin heitir H. C. Andersen, manneskjan og ævintýraskáldið, og verður flutt þrisvar á listadögunum, tvisvar á dönsku og einu sinni á ensku.

Ný ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur verður flutt í fyrsta sinn hér á landi, en óperan, sem heitir Mann hef ég séð var frumflutt í Vadstena í Svíþjóð í fyrra. Einsöngvararnir, leikstjórinn og hljómsveitarstjórinn eru allir sænskir og tóku þátt í frumflutningi óperunnar, en um undirleikinn sér hátíðarhljómsveit Hundadaga, tuttugu og fimm ungir hljóðfæraleikarar, sem safnað var saman að þessu tilefni. Nýja búninga og leikmynd fyrir óperuna gerir Messíana Tómasdóttir.

Átta tónleikar eru nú þegar fyrirhugaðir á dagskrá Hundadaga, og verða þeir í Listasafni Sigurjóns, í Íslensku Óperunni og í Kristskirkju. Í Listasafni Sigurjóns spilar jasspíanistinn Cat Kaye ásamt tríói eigin tónsmíðar og söngva, auk þess David Tutt, píanóleikari verður þar með tónleika. Í Kristskirkju verða orgeltónleikar Björns Sólbergssonar, sem mun flytja verk eftir franska tónskáldið og orgelleikarann Olivier Messiaen.


Fimm tónleikar eru fyrirhugaðir í Íslensku Óperunni og eru píanótónleikar Martins Berkofskys þar fyrstir í röðinni. Miami Stringquartet, sem er skipaður þeim Sigrúnu Eðvaldsdóttur, Cathy Robinson, Ásdísi Valdimars -dóttur og Keith Robinson, verður með tónleika um miðjan mánuðinn, og á eftir þeim kemur röðin að Tríó Kauniainen frá Finnlandi, en þar er fiðluleikari Petri Sakari, aðalstjórnandi Sinfóníunnar.

Manuela Wiesler, Einar Jóhannesson og Þorsteinn Gauti Sigurðsson verða með íslenska tónleika í Óperunni, og þar verða einnig lokatónleikar Hundadaga, en þá leikur hátíðarhljómsveitin undir stjórn Pascal Verrot.

Besti vinur ljóðsins mun einnig leggja sitt að mörkum á Hundadögum og standa fyrir kynningu á nýjabrumi í ljóðum, leikritun og lifandi myndum á Hótel Borg.

Ef vel tekst til með Hundadaga að þessu sinni er ætlunin að standa að svipuðum uppákomum á hverju ári, – þó með auknum áherslum annað hvert ár. Þeir sem að listadögunum standa leggja áherslu á að ekki sé ætlunin að græða á hátíðinni og sé miðaverð því ekki hærra en nauðsyn krefji; á bilinu 900 til 1300 krónur, og er veittur 20% afsláttur ef keyptir eru miðar á þrjá eða fleiri viðburði. Skrifstofa Hundadaga er í Hlaðvarpanum, en miðasala í Óperunni.

LG



Nokkrir af starfsmönnum og skipuleggjendum Hundadaga fyrir framan hluta af leikmynd Gunnars Arnar: Sverrir Hólmarsson, Ulriqa Bengtson, Ingunn Ásdísardóttir, Gerla, Inga Bjarnason, Hákon Leifsson, Viðar Eggertsson og Leifur Þórarinsson. Mynd – Jim Smart.

Kjarvalsstaðir

Steinn og strigi

Haukur Dór og Preben Boye sýna guði og djöfla og höggmyndir í granít

Myndlistarmennirnir Haukur Dór og Preben Boye sýna nú verk sín í Vestursal og Vesturgangi Kjarvalsstaða. Þeir Haukur og Boye eru hingað komnir með verk sín frá Frederiksværk í Danmörku, þar sem þeir eru báðir bæjarlistamenn, og sýnir Haukur um 70 málverk, teikningar og grafíkmyndir og Boye 17 granítskúlptúra.

Haukur Dór segir sýninguna á Kjarvalsstöðum vera eðlilegt framhald sýningar sem hann hélt hér á landi fyrir ári.

– Það er svosem ósköp lítið um þetta að segja, segir hann. – Fyrirmyndirnar eru meira og minna sóttar hingað til Íslands, í náttúruna og í það sem ég hef lesið. Það má kannski segja að þetta séu einhvers konar sálarlífslýsingar, þetta eru guðir og djöflar að takast á, – slagurinn í okkur öllum.

Nú hefur þú verið búsettur í Danmörku undanfarin ár. Finnst þér mikill munur á að starfa sem myndlistarmaður þar eða hér á landi?


– Ég er fyrst og fremst í Danmörku vegna þess að ég hef enga möguleika til að starfa eingöngu að málverkinu hér á landi. Hefði ég getað það hefði ég aldrei farið. En ég er heldur ekki í neinni útlegð. Mér líkar vel við Dani og finnst gott að vera í Danmörku.

Preben Boye, höggmyndir þínar eru sagðar vera undir áhrifum af list frumstæðra þjóða og þá einkum Grænlendinga...

– Það hefur margt verið skrifað um það, segir hann, – og það er ég ánægður með, því ég hef eytt löngum tíma í að garfa bæði í grænlenskri og eins fornri norrænni list.

– Ég starfaði á Grænlandi í ellefu ár og hef kynnt mér bæði íslenskar sögur og grænlenskar og norrænar þjóðsögur, og hef fundið ýmis tengsl í menningu þessara þjóða.

Er ekki menning Grænlendinga eða inúíta talin tengd menningu indíána?



Haukur Dór og Preben Boye við eina af höggmyndum Boyes, guðir og demónar takast á á bak við Hauk. Mynd – Jim Smart.

– Jú, það er talið að svo sé, en það er samt ýmislegt sem tengir norræna menningu og Grænlenska. – Og frásagnir Íslendingasagnanna eru oft réttar, þar er til að mynda sagt frá því að víkingar hafi séð úlfa við komuna til Grænlands. Það sagði mér líffræðingur að væri ómögulegt, en fyrir nokkrum árum fannst hauskúpa af úlfi á Grænlandi, svo sagan var rétt, þrátt fyrir allt.

Eitthvað ákveðið sem ræður þínu efnisvali?

– Já, í granítinu er viss eilífð, hvert einasta strik sem ég dreg í steininn verður þar um aldur og ævi. Ég byrjaði á að nota granít fyrir mörgum árum og hef eingöngu unnið í það undanfarin fimm ár. Granítið er varanlegt og ég öfunda alls ekki málarann af penslunum og striganum.

– Enn einn kosturinn við granítið er að náttúran er svo góð við mig að leggja mér til efnið ókeypis, og er þar að auki stundum búin að móta fyrir mig steininn, svo það eina sem ég þarf að gera er að leggja síðustu hönd á verkið.

– Þessi verk sem ég sýni hérna eru mjög lítil miðað við það sem ég vinn til dæmis fyrir opinbera aðila. Þau eru yfirleitt eitthvað um tíu til fimmtán tonn á þyngd. Og sem stendur er ég að gera sex metra háan gosbrunn fyrir bæjaryfirvöld í Frederiksværk.

Hvaða fríðindi eða skyldur fylgja því að vera bæjarlistamaður í Frederiksværk?

– Það að vera bæjarlistamaður þýðir að við fáum góðar vinnustofur til afnota, endurgjaldslaust. Það fylgja þessu engar kvaðir, – það eina sem farið er fram á er að maður sé starfandi myndlistarmaður.

Hafið þið einhverja hugmynd um hvað tekur við að þessum sýningum loknum?

– Til að byrja með vorum við að hugsa um að setja upp skúlptúr einhvers staðar hér inni á miðhálendinu, – og segja engum hvar. En annars sýnum við næst í Árósum, eftir það í Kaupmannahöfn og síðan í Frakklandi. Og ég sýni hjá Túborg verksmiðjunum í haust, bætir Boye við.

Sýningar þeirra Prebens Boyes og Hauks Dórs standa til sunnudagskvöldsins 9. júlí.

Djassað á Egilsstöðum

Djasshátíð Egilsstaða '89, verður haldin að Valaskjálf, Egilsstöðum um næstu helgi, dagana 7.-9. júlí. Djassklúbbur Egilsstaða stendur fyrir hátíðinni, sem hlotið hefur styrk frá Menntamálaráði, Egilsstaðabæ og fyrirtækjum á Austurlandi og í Reykjavík.

Þeir sem fram koma á hátíðinni eru meðal annarra Tríó Guðmundar Ingólfssonar ásamt Rúnari Georgssyni saxófónleikara, Árni Elfar, Tómas R. Einarsson og Friðrik Theódórsson. Auk þeirra mæta til leiks Djassband Hornafjarðar, Bláa blúsbandið frá Stöðvarfirði með Garðari Harðarsyni gítarleikara og söngvara. Guðgeir Björnsson blúsari frá Egilsstöðum tekur þátt í hátíðinni, Viðar Alfreðsson kemur norðan úr Mývatnssveit og dixiland hljómsveit Þórarins Óskarssonar frá Reykjavík.

Meðal söngvara verða Pálmi Gunnarsson og Pálína Vagnsdóttir, djassballett verður á staðnum og þar að auki geta menn fengið sér snúning að tónleikum loknum. Heiðursgestur hátíðarinnar verður Vernharður Linnet og kynnir básúnuleikarinn Friðrik Theódórsson. Þá verður Árni Elfar með málverkasýningu, meðal annars með myndum úr djasslífinu.

Málverk í Þrastarlundi

Þessa dagana heldur Þórhallur Filipusson sumarsýningu í Þrastarlundi við Sog, og er þetta þriðja sumarið sem Þórhallur sýnir í Þrastarlundi.

Á sýningunni, sem stendur til 16. júlí, eru olíumálverk, og kennir þar ýmissa grasa.

Skáldakvöld á Borginni

Besti vinur ljóðsins efnir til skáldakvölds á Hótel Borg í kvöld kl. 21. Verða þar meðal annars kynntar ljóðabækur sem komið hafa út í sumar eða eru væntanlegar með haustinu.

Þau skáld sem lesa úr verkum sínum eru Ragnhildur Pála Ófeigsdóttir, Kristján Þórður Hrafnsson, Ólafur Haraldsson, Jón Hallur Stefánsson, Gunnar Hersveinn, Birgitta Jónsdóttir, Steinunn Ásmundsdóttir, Jónas Skagfjörð Þorbjarnarson, Sigurður Pálsson og Nína Björk Árnadóttir. Kynnir er Hrafn Jökulsson.

Ljósmyndir Yousuf Karsh

Í austurforsal Kjarvalsstaða stendur nú yfir sýning á verkum Yousuf Karsh, og er sýningin afmælissýning, sem opnuð var á síðasta ári í tilefni að áttræðisafmæli Karsh.

Yousuf Karsh er fæddur í Armeníu 1908 og upplifði hörmungar þjóðarmorðsins á Armenum. Hann komst til Kanada fyrir tilstilli frænda síns, þá 16 ára gamall, og hóf nám í ljósmyndun hjá John Garo í Boston.

Árið 1932 opnaði hann stofu í Ottawa og öðlaðist þegar mikla viðurkenningu fyrir verk sín. Mynd hans af Winston Churchill frá 1941 aflaði honum heimsfrægðar og aðrar myndir hans er víða að finna í merkum listasöfnum, svo sem í Metropolitan í New York, Listasafni Fíladelfíu, Listasafninu í Chicago og í alþjóðlegu ljósmyndastöðinni í New York.

Sýningin, sem er á vegum Ljósmyndarafélags Íslands, stendur til 30. júlí.